

## Aðalfundargerð Foreldrafélagsins Kjarna

Aðalfundur Foreldrafélagsins Kjarna haldinn í sal leikskólans Vesturkots fimmtudaginn 26. október 2017 kl: 17-19.

Mættir voru fulltrúar foreldrafélagsins, foreldrar barna leikskólans, stjórnendur leikskólans og kennarar.

Dagskrá aðalfundarins:

Hrefna Sif Gísladóttir ritari Foreldrafélagsins setur fundinn.

Meðlimir Foreldrafélagsins skólaárið 2016-2017 kynntir og voru þessir:

Elín Anna Gísladóttir, formaður  
Halldóra Jónsdóttir, gjaldkeri  
Hrefna Sif Gísladóttir, ritari  
Sandra Einarsdóttir, meðstjórnandi  
Tuna Dís Metya, meðstjórnandi

Farið lauslega yfir störf foreldrafélagsins síðasta skólaár og nokkrar skemmtilegar hugmyndir um starf næsta árs voru kynnt.

Ársreikningar voru lagðir fyrir og þeir samþykktir.

Breytingar verða innan sjórn félagsins á næstu mánuðum. Formaður félagsins, sem sinnt hefur formennsku allt frá árinu 2013, hefur sagt starfi sínu lausu innan félagsins frá og með áramótum. Gjaldkerinn hefur óskað eftir að hætta störfum gjaldkera en gerast þess í stað meðstjórnandi félagsins eitthvað fram á næsta skólaár. Hún hefur einnig sinnt starfi gjaldkera frá árinu 2013. Ein önnur innan félagsins, Sandra Einarsdóttir, hefur óskað eftir að hætta og er nú þegar hætt.

Kosið var í nýja stjórn og bættust tveir nýjir meðlimir við hópinn.

Eftirtalin voru kosin í stjórn Foreldrafélagsins Kjarna skólaárið 2017-2018:

Tuna Dís Metya, nýr formaður  
Sigríður Harpa Hannesdóttir, nýr gjaldkeri  
Hrefna Sif Gísladóttir, ritari  
Halldóra Jónsdóttir, meðstjórnandi (fráfarandi gjaldkeri)  
Lisa Marie Mahmic, nýr meðstjórnandi